

Alþingi
Erindi nr. P 136/263
komudagur 28.11.2008



Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. nóv. 2008

Efni: Umsögn um þingskjal 212 um frumvarp til breytinga á lögum nr. 29/1993 og lögum nr. 50/1988.


Samtök verslunar og þjónustu fagna framlögðu frumvarpi í meginatriðum. Frumvarpið er lagt fram til að til að liðka fyrir útflutningi á þegar innfluttum ökutækjum og fagna samtökin þeim skýra vilja sem lesa má af frumvarpinu til að leysa aðkallandi vandamál.

Þó verður að gera verður athugasemdir við 2. og 4. mgr. 1. gr. og 2. og 4. mgr. 2. gr. en málsgreinarnar eru samhljóða í báðum greinum frumvarpsins.

Í 2. mgr. er tollstjóra veitt heimild til að innheimta skoðunargjald vegna ökutækjanna sem flytja skal úr landi og er gjaldinu ætlað að standa straum af launakostnaði tollstarfsmanna og aksturskostnaði vegna framkvæmdar skoðunnar. Af hverju er gengið út frá því tollstjóraembættið hafi ekki á að skipa starfsliði sem getur tekið þetta verkefni að sér sem hluta af sínu starfi? Er það endilega sjálfgefið að skoðun sem þessi af hálfu tollstjóraembættisins leiði til kostnaðarauka fyrir embættið? Tollstjóraembættið hefur á að skipa tollvörðum sem eru að störfum allan sólarhringinn og ekki auðséð að þetta verkefni þýði sérstakan kostnað fyrir embættið. Hér færi mun betur á því að sleppa gjaldtöku.

Í 4. mgr. 1. og 2. gr. er ráðherra gert að setja í reglugerð nánari reglur um framkvæmd ákvæðanna svo sem nánari skilyrði fyrir endurgreiðslu, um ástand ökutækja um gögn sem leggja þarf með umsókn um endurgreiðslu og um eftirlit og kæruehimildir. Er ástæða til að búa til svo mikinn vafa eins og gert er með þessari grein? Hér er verið að leggja fram frumvarp með mjög stuttan gildistíma til að leysa ákveðið vandamál sem blasir við núna. Ferlið varðandi inn- og útflutning ökutækja liggur alveg ljóst fyrir og því er óþarft að vera að flækja málið eða mögulega búa til vandamál með því að framselja vald til ráðherra til að setja frekari skilyrði eða gögn sem leggja þarf fram. Hér er um einfalt mál að ræða sem hægt er að lögfesta skýrt sem slíkt þannig að ekki þurfi að koma til vafaatriði eftir á. Það er að minnsta kosti ástæða til að benda löggjafarvaldinu á að hér gæti mögulega verið að búa til vandamál sem ekki er endilega ástæða til.

Yfirlingargættur


Sigrún Sigurðardóttir
Forstöumaður flutningasviðs